

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Leiklistarskóla Íslands nr. 190/1978.

1. gr.

4. grein orðist svo:

Skólastjóri annast stjórn skólans og daglegan rekstur hans.

Hann ræður kennara og annað starfslið að skólanum í samráði við skólanefnd eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Hann fer með fjárreiður skólans, hefur umsjón með eignum hans og gerir fjárhagsáætlanir í samráði við skólanefnd, sbr. 3. gr.

Ráðningartími skólastjóra er 4 ár og miðast við 1. júní, en gengið skal frá ráðningu hans fyrir 1. febrúar.

Ráðuneytið setur skólastjóra erindisbréf, að fengnum tillögum skólanefndar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 37/1975 um Leiklistarskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytið, 2. apríl 1991.

Svavar Gestsson.

Sólrún Jensdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Stöðvarhreppi 1991.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í Stöðvarhreppi í Suður-Múlasýslu, sbr. 2. gr. c lið samþykktar um hundahald í Stöðvarhreppi nr. 363/1989, skal vera kr. 5 350 á árinu 1991. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí 1991.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. og 6. gr. áðurnefndrar samþykktar, skal vera kr. 2 000 í fyrsta skipti, kr. 4 000 í annað skipti og kr. 6 000 í þriðja skipti og oftár.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um höllustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. apríl 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.